

2. Mismunurinn milli fargjalda Loftleiða og hinna almennu fargjalda, sem gilda fyrir IATA-félögin fyrir flug milli New York og viðkomustaða Loftleiða í Skandinavíu og eins þótt flogið sé frá Skandinavíu til New York, má ekki nema meira en 10%.
3. Af þeim sérfargjöldum, sem gilda fyrir IATA-félögin, geta Loftleiðir — án tillits til þess, sem leiðir af 4. lið — notað fargjöld IATA bæði fyrir hópferðalög I/T og fyrir I/T ferðalög einstaklinga.
4. Sá allt að 10 U.S. dollara mismunur, sem viðurkenndur hefur verið síðan 1964, á „excursion fares“ Loftleiða og á „excursion fares“ IATA-félaganna, sem er í gildi á hverjum tíma, skal gilda áfram.
5. Án tillits til þess, sem leiðir af 2. og 4. lið í þessari bókun, skulu Loftleiðir fylgja reglum og ákvæðum IATA að því er snertir útreikningsaðferðir á fargjöldunum.
6. Loftleiðum er heimilt að flytja skandinavíska sjómenn til og frá Skandinavíu í samræmi við þær reglur, sem gilda fyrir SAS, samkvæmt þeim kjörum, sem ákveðin eru í hinu gildandi skandinavíska „government request-fyrirkomulagi“, og á sama verði, sem SAS tekur.
7. Íslensk stjórnarvöld samþykkja, ef þess er óskað af hálfu skandinavískra stjórnarvalda, að láta í té o/d-skýrslur með fyrirkomulagi, sem aðilar skulu ræða sín á milli.
8. Bókun frá 20. október 1964 fellur úr gildi, en bókun frá 12. maí 1960 gildir áfram með þeim breytingum varðandi sætafjölda (kapacitet) og öðrum breytingum, sem leiða af þessu samkomulagi.
9. Þessi bókun gengur í gildi 1. apríl 1968, og er gildistími hennar 3 ár.

Gjört í Reykjavík hinn 6. apríl 1968 í fjórum samhljóða eintökum á íslensku, dönsku, norsku og sænsku, og hafa allir þessir fjórir textar sama gildi.

Fyrir Ísland:  
Ingólfur Jónsson.

Fyrir Noreg:  
Kjell Östrem.

Fyrir Danmörku:  
B. Kronmann.

Fyrir Svíþjóð:  
Gunnar Granberg.

## AUGLÝSING

16. apríl 1968.

Nr. 4.

### um afnám vegabréfsáritana milli Íslands og Búlgaríu.

Hinn 10. apríl 1968 var undirritaður í Reykjavík samningur milli Íslands og Búlgaríu um gagnkvæmt afnám vegabréfsáritana fyrir ferðamenn miðað við allt að þriggja mánaða dvöl.

Samningurinn, sem gengur í gildi hinn 1. júlí n.k., er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 16. apríl 1968.*

**Emil Jónsson.**

*Agnar Kl. Jónsson.*

Fylgiskjal.

## SAMNINGUR

milli ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar alþýðulýðveldisins  
Búlgaríu um afnám vegabréfsáritana.

Ríkisstjórnir Íslands og Búlgaríu hafa í því skyni að auðvelda ferðir milli landanna og stuðla á þann hátt að traustari tengslum þeirra í milli orðið ásáttar um að gera með sér svofelldan samning:

## 1. gr.

Íslenzkum ríkisborgurum með gilt íslenzkt vegabréf er frjálst að ferðast inn í Búlgaríu á landamærastöðum, sem stjórnarvöld viðurkenna, og dvelja þar í allt að þrjá mánuði án vegabréfsáritunar.

## 2. gr.

Búlgörskum ríkisborgurum með gilt búlgarskt vegabréf er frjálst að ferðast inn í Ísland á landamærastöðum, sem stjórnarvöld viðurkenna, og dvelja þar í allt að þrjá mánuði án vegabréfsáritunar. Þriggja mánaða tímabilið telst hefjast þann dag, sem komið er til einhvers af Norðurlöndunum, sem er aðili að samningnum frá 12. júlí 1957 um afnám vegabréfaskoðunar við landamæri milli landanna. Dvöl í einhverju þessara landa, sem átt hefur sér stað á síðustu sex mánuðum fyrir komu til einhvers Norðurlandanna frá öðru landi en norrænu, skal talin til áður nefnds þriggja mánaða tímabils.

## 3. gr.

Afnám vegabréfsáritunarskyldu leysir ekki íslenzka ríkisborgara, sem koma til Búlgaríu, eða búlgarska ríkisborgara, sem koma til Íslands, frá því að fylgja lögum og reglum, sem í löndum þessum gilda varðandi komu, dvöl eða búsetu. Þeim er óheimilt að ráða sig í vinnu eða inna af höndum nokkurt starf, launað eða ólaunað, án þess að hafa aflað sér atvinnuleyfis.

## 4. gr.

Stjórnarvöld beggja landanna áskilja sér rétt til að synja óæskilegum einstaklingum um heimild til að ferðast inn í eða dveljast í landi sínu.

## 5. gr.

Hvor ríkisstjórnanna um sig getur um stundarsakir afnumið að nokkru eða öllu leyti framangreindar reglur, ef réttaröryggi krefst. Slík ráðstöfun skal þegar tilkynnt hinum samningsaðilanum eftir diplómatislum leiðum.

## 6. gr.

Hvor ríkisstjórnanna um sig getur sagt upp samningi þessum með skriflegri tilkynningu þar að lútandi. Uppsögn tekur gildi þremur mánuðum eftir að slík tilkynning hefur verið gefin.

## 7. gr.

Samningur þessi skal gilda ótímabundið og öðlast gildi hinn 1. júlí 1968.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar ríkisstjórnanna ritað undir samninginn og látið setja á hann innsigli sín.

Gjört í Reykjavík hinn 10. apríl 1968 í tveimur eintökum á íslenzku og búlgörsku, og skulu báðir textar jafngildir.

Fyrir ríkisstjórn  
Lýðveldisins Íslands.

Fyrir ríkisstjórn  
Alþýðulýðveldisins Búlgaríu.

**Emil Jónsson.**

**I. Bashev.**

7. maí 1968.

Nr. 5.

**AUGLÝSING**

**um fullgildingu breytinga á alþjóðasamningnum  
um réttarstöðu flóttamanna.**

Hinn 26. apríl 1968 var framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna afhent fullgildingarskjal Íslands að viðbótarsamningi, gerðum í New York hinn 31. janúar 1967, um breytingar á samningnum um réttarstöðu flóttamanna frá 28. júlí 1951 (sbr. Samninga Íslands við erlend ríki I, nr. 90, bls. 586—616). Tóku breytingarnar gildi að því er Ísland snertir sama dag.

Viðbótarsamningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 7. maí 1968.*

**Emil Jónsson.**

*Agnar Kl. Jónsson.*

**Fylgiskjal.**

**PROTOCOL RELATING TO THE STATUS OF REFUGEES**

**The States Parties** to the present Protocol,

**Considering** that the Convention relating to the Status of Refugees done at Geneva on 28 July 1951 (hereinafter referred to as the Convention) covers only those persons who have become refugees as a result of events occurring before 1 January 1951,

**Considering** that new refugee situations have arisen since the Convention was adopted and that the refugees concerned may therefore not fall within the scope of the Convention,